

**125. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
9. september 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Karitas Jónsdóttir varamaður, Einar Brandsson varamaður, Kristinn Hallur Sveinsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1905216 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Þjóðbraut 1

Formaður vikur vegna vanhæfis í málinu og varaformaður er forfallaður á fundinum og því sitja varamenn formanns og varaformanns fundinn, þau Karitas Jónsdóttir, varamaður Ragnar B. Sæmundssonar og Einar Brandsson, varamaður Ólafs Adolfssonar.

Karitas Jónsdóttir stýrir því fundinum undir þessum lið.

Með vísan í 41.gr. fjöleignahúsalaga kemur fram að samþykki allra eigenda viðkomandi fjöleignahúss þurfi til þegar séreignum er fjölgað. Ekki liggur fyrir samþykki allra eigenda hússins til breytingarinnar. Athugasemdir bárust við grenndarkynninguna.

Karitas Jónsdóttir vikur af fundi eftir afgreiðslu málsins og Ragnar B. Sæmundsson tekur við formennsku.

2. 1906102 - Deiliskipulag Skógarhverfi 1. áfangi - Asparskógar 18

Gerð var ein athugasemd við grenndarkynninguna frá lóðarhöfum við Viðjuskóga 17. Fyrir liggur samkomulag milli Ferrum ehf og lóðrhafa við Viðjuskóga 17, um vegg sem gerður verður á lóðamörkum lóða við Viðjuskóga 17 og Asparskóga 18. Lóðarhafar við Viðjuskóga 17, falla því frá athugasemdum sínum að öðru leyti.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

3. 1901204 - Fimleikahús framkvæmdir

Skóla- og frístundaráð leggur til að skipulags- og umhverfissvið útfæri og kostnaðarmeti að framtíðahúsnæði frístundar Brekkubæjarskóla verði á "Þekjunni", hæð fyrir ofan fimleikahús og íþróttahreyfingin fái húsnæðið sem er nú nýtt fyrir frístund. Einnig leggur ráðið áherslu á að "Þekjan" verði fjölnota svæði.

Karl Haagensen verkefnastjóri fór yfir verðhugmynd Spennt ehf, verktaka við fimleikahúsið varðandi breytingar á Þekjunni. Verðhugmynd Spennt ehf er mun hærrí en það kostnaðarmet sem nú liggur fyrir. Skipulags- og umhverfisráð leggur til að vísa verkefninu til fjárhagsáætlunar 2020 og ef ákveðið verður að fara í verkefnið að þá verði það boðið út.

RS

4. 1809198 - Jólaskraut

Tillaga um áframhaldandi endurnýjun jólaskrauts á Akranesi á árunum 2019-2020.

Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Sædís Alexía verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Sindri Birgisson og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir kynntu hugmyndir um næstu áfanga fyrir jólaskreytingar á Akranesi. Skipulags- og umhverfisráð vísar málinu til fjárhagsáætlunnar 2020 til frekari úrvinnslu.

5. 1903321 - Hleðslustöðvar

Reglur fyrir styrki vegna hleðslustöðva fyrir rafbíla í fjöleignarhúsum.

Málið kynnt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

Ragnar Samundsson
Kristinn H. Sveinsson

Stefin frá Steinh
Sig. P. H.

Samir Freyri Kristin

Ólafur Jóhanna Hauksdóttir
Sindri Birgisson

Einar Brandsson
Keritús Jónsdóttir
Ólafía Sigurpárusdóttir